

Ýsa:	Ísl. kr. á lb. cif.
4 × 14 m/r interl.	116.79
10 × 5 og 3 × 18	184.79
12 × 1	193.45
Blokk	157.26
Blokk 24½	161.57
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	91.67
10 × 5	197.48
12 × 1	197.48
Blokk	156.15
Ufsi:	
8 × 7 r/l	72.52
4 × 6 kg.	83.33
10 × 5	110.22
4 × 12	110.22
Blokk	99.44
Blokk 24½	104.71
Langa:	
8 × 7 r/l	107.99
10 × 5	164.46
Blokk	127.67
Grálúða:	
Heilfryst	97.00
Blokk	110.00
Heilfr. fiskur	46.66

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	354.00
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	369.00
3. 24 × 450 gr. sérfryst	369.00
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	369.00
5. 4 × 2.5 kg. sérfryst	369.00
6. 2 × 5 kg. sérfryst	369.00
7. 4 × 7 kg. sérfryst	369.00
8. 1 × 25 lbs sérfryst	369.00
9. 15 × 200 gr. sérfryst	375.00
10. í saltlegi	354.00

Verðbil verður 2½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.

Pórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	50 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	45 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	50 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Stórkjafta (<i>Lepidorhombus Whiffiagonis</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbítur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Sebastes marinus</i>)	500 gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur.

2. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.